

Mál nr. 88/2015**M og
V vegna bifreiðar A og bifreiðar B.****Árekstur á Hörðuvöllum, við lögreglustöðina á Selfossi.****Gögn.**

1. Málskot K móttakið þann 5. mars 2015 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt lögregluskýrslu varð áreksturinn með þeim hætti að vinstri hliðar beggja bifreiða rákust saman þegar þær mættust á Hörðuvöllum á Selfossi. Gerðist atvikið þann 8. janúar 2015.

Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að aka Hörðuvellina til norðurs en hafi verið að nema staðar við biðskyldu, á leið inn Árveg til austurs, þegar hún fann að bifreið B rakst utan í sína bifreið. Kveðst ökumaður A hafa verið á 5 – 10 km/klst. þegar áreksturinn varð.

Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið Árveg til austurs og beygði svo inn Hörðuvellina til suðurs. Heyrði hún svo allt í einu einhver læti og var það þá þegar bifreiðarnar rákust saman. Taldi ökumaður bifreiðar B að báðir ökumenn hefðu misreiknað sig á gatnamótunum.

Álit.

Með málskoti fylgdu myndir sem sýna afstöðu bifreiðanna eftir áreksturinn. Snjór var á akbrautinni og því enga miðlínu að sjá fyrir ökumennina. Við þær aðstæður verður að sýna sérstaka aðgát þegar bifreiðar mætast. Ekki er hægt að sjá á myndunum með óyggjandi hætti að önnur bifreiðin sé þannig staðsett að ljóst sé að annar ökumaðurinn hafi sýnt af sér gáleysi. Myndirnar sýna því ekki með óyggjandi hætti að annar ökumaðurinn eigi meiri sök á árekstrinum en hinn.

Í ljósi þess að ekki verður séð á gögnum málsins að annar ökumaðurinn eigi meiri sök á árekstrinum en hinn verður að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga í málinu.

Reykjavík, 21. apríl 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.